

**73** Meðþvíð Helgi Sveinsson var ekki aðili að neinum þeim útsvarskæru-  
11. júní málum, sem hann tók sjer fyrir hendur að áfrýja, og ekki verður sjeð að úr-  
skurðir bæjarstjórnarinnar hafi snert rjettindi hans, hagsmuni eða skyldur á  
neinn hátt, verður ekki sjeð að umkvörtun hans yfir því, að hann hafi ekki  
fengið eitt umbedið eptirrit hjá bæjarfógeta, sje á neinum rökum byggð.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar  
fyrir kæranda.

## Reglugjörð

um fjallskil með meiru í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

**74**

7. júní

Amtsráðið í Vesturamtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz  
1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1903, um breyt-  
ing á 3. gr. í fyrnefndum lögum, 22. marz 1900, er hjermeð staðfest og löggilt  
eptirfylgjandi

### REGLUGJÖRD

um fjallskil með meiru í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem er samin af  
sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1904.

I. kafli.

Um geldfjárrekstur á afrjettir og fjalllönd á vorum.

1. gr.

Hreppsþúar í þeim sveitum, þar sem nægjanleg afrjettarlönd eru, skulu,  
ef þeir að álitu hreppsnefndar ekki eiga nægileg fjalllönd fyrir sjálfa sig, skyldir  
að reka í miðja afrjett að vorinu allt geldfje sitt, að meðtöldum dilkám. Nú eru  
engin slík afrjettarlönd til, heldur aðeins heimalönd og búfjárhagar, skal þá  
hreppsnefndin annast um, ef ekki fæst upprekstur í annari sveit, að fjenu sje  
jafnað niður í löndin að tiltölu rjetttri við landrými og með samkomulagi við  
landeiganda. Skulu sveitarmenn skyldir að nota slíkan upprekstur eptir ávísun  
hreppsnefndar, svo framarlega sem upprekstrartollurinn fer ekki fram úr því,  
sem hann er ákveðinn hjer áeptir.

2. gr.

Í upprekstrartoll greiðist 50 aurar fyrir hverjar 10 sauðkindur, lömb eða  
roskið fje; skal tollur þessi greiddur innan októbermánaðarloka, ef ekki er öðru-  
visi umsamið. Hver fjáreigandi skal skyldur til að skýra hlutaðeigandi hrepps-

nefnd innan ágústmánaðarloka frá tölu þess fjár, er hann rak eða sleppti á fjall, 74  
 en hreppsnefndinni ber fyrir fjalleitir að haustinu að tilkynna þeim, er hafa 7. júní  
 rjett til fjalltolla, að hverjum fjáreigendum þeir eigi aðgang um greiðslu á þeim.

3. gr.

Fráfæring allan skal vakta annaðhvort heima áður en hann er rekinn, eða þar sem hann er skilinn eptir í fjallandinu, í það minnsta 2 sólarhringa. Enginn má heimildarlaust reka eða sleppa fjenaði sínum í annara manna lönd, sem hann á ekkert tilkall til. Reka skal þannig gegnum heimalönd manna að ekki hljótist skaði af.

Brot móti þessum kafa varða 2—10 kr. sekt, auk skaðabóta eptir óvilhallra manna mati.

## II. kafli.

### Um sauðfjármörk.

4. gr.

Sjerhver fjáreigandi skal skyldur til að hafa glöggt og löglegt eyrnamark á sauðfje sínu — en afeyrt er ólögmaett. — Nú eignast maður kindur, sem hann getur ekki markað undir sitt mark, og skal hann þá skyldur til bæði að fá leyfi markeiganda, ef kostur er að láta þær ganga með markinu, og brenni-merkja og hornmerkja þær svo glöggt, sem verða má, og afhenda hreppsnefndinni skriflega lýsingu á eyrnamarki og öðrum einkennum kinda þessara fyrir ágústmánaðarlok ár hvert.

Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark, skal hann þá tilkynna það hreppsnefndaroddvita bæði í hreppnum, sem hann býr í, og aðliggjandi hreppum, er innfæri það í markaskrá sína.

Enginn má taka upp fjármark, sem annar sýslubúi hefir. Sá, sem tekur upp nýtt mark, greiði fyrir það 1 kr. til oddvita hreppsins, er aptur greiðir hana til sýslusjóðs, þegar markaskráin er prentuð, er svo aptur gengur til prentunarkostnaðar; það sem hann verður meiri, greiðist úr sýslusjóði.

Breyting á marki er sama sem nýtt mark. Ekkja, sem heldur uppi óbreyttu marki manns síns, telst ekki nýr markeigandi.

Fyrir brennimörk greiðist engin sjerstök borgun.

5. gr.

Nú flytur markeigandi inni sýsluna; skal þann þá tilkynna mark sitt á þann hátt, sem segir í 4. gr.; eigi hann sammerkt við nokkurn í sýslunni, skal hann þá leggja það mark niður eða semja við hlutadeiganda um notkun þess.

Skylt er hverjum markeiganda að láta prenta mark sitt, þegar markaskrá er prentuð. Allir markeigendur skulu fá 1 eintak af skránni.

6. gr.

Á brennimarki sýslunnar skulu vera þessir stafir S. H. og að auki tölu-  
 stafir þannig:

S. H. 1 fyrir Kolbeinsstaðahrepp.

— 2 — Eyjahrepp.

— 3 — Miklaholtshrepp.

74  
7. júní

- S. H. 4 fyrir Staðarsveit.  
— 5 — Breiðavíkurhrepp.  
— 6 — Neshrepp ytri.  
— 7 — Neshrepp innri.  
— 8 — Eyrarsveit.  
— 9 — Helgafellssveit.  
— 10 — Stykkishólmshrepp.  
— 11 — Skógarströnd.

Brennimörk þessi skulu sett framaná vinstra horn kindarinnar, en brenni-mark eiganda framaná hægra horn. Skytt er öllum þeim, er soramarkaðar kindur eiga, að brúka þessi brennimörk á hyrndar kindur.

#### 7. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta 5.—10. hvert ár, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum, og setja þau saman eptir stafrofsröð á greinilega skrá. Skal hreppsnefndin þvínæst, eptirað hún hefir samið skrána, birta hana fyrir öllum fjáreigendum í hreppnum, svoað hver og einn geti sjeð, að mark hans sje rjett skrásett. Síðan sendir hreppsnefndin sýslunefndinni skrána, sem annast um, að aðalskrá sje samin yfir öll mörk sýslunnar og síðan prentuð.

Skyldar skulu hreppsnefndir að semja skrá yfir öll fjármörk í hreppnum, svo mörg eintök, að hver sá, er sendur er í aðrar rjettir, geti fengið eitt þeirra, og skulu oddvitar jafnan gæta þess á hreppskilum vor hvert að aðvara hreppsþúa um, að, ef nýinnflutt eða nýupptekin mörk kunna að vera í hreppnum, að tilkynna hreppsnefndinni það svo snemma, að hún geti bætt þeim á fyr umgetnar markaskrár, áður en rjettir byrja.

Skrár þessar skulu afhendast oddvita að afloknum skilarjettum ár hvert.

#### 8. gr.

Enginn má blóðmarka kindur í rjettum eða á hausti. Brot móti þessum kafla varðar 2—5 kr. sekt.

### III. kafli.

#### Um fjallskil.

#### 9. gr.

Á ári hverju skulu hreppsnefndir hver í sínum hreppi kveðja skriflega með nægum fyrirvara alla þá, sem skyldir eru að ganga á fjall eptir sauðfje samkvæmt 10. gr. í reglugjörð þessari, til þess að leita afrjettir og önnur fjalllönd innan merkja þeirra, sem tilgreind eru í 11. gr. Fjallgangnaboð þetta gangi sem þingboð um allan hreppinn, og varðar sektum, ef tefst eður niður fellur; skal í því nákvæmlega ákveða, hvernig fjallgöngum skal haga, rekstrum til rjetta, geymslu safnsins við rjettina, þangaðtil rjettarhald byrjar, hverjir skulu sækja fje í aðrar rjettir, og hvað annað, sem tilheyrir fjallskilum. Til þess að sækja fje í utansveitarrjettir skal velja markaglögga og gætna menn; skulu þeir vera útbúnir með markaskrá sýslunnar og hreppsins. Hreppsnefnd-

in skal og skipa fyrir, hverjir skuli vera leitarstjórar, og skulu þeir ætíð skyldir til að ganga með leitarmönnum.

74  
7. júní

Öll óhlýðni gegn fyrirskipunum hreppsnefndar og leitarstjóra varðar sektum samkvæmt 19. gr.

#### 10. gr.

Hver maður, sem hefir umsjón yfir 6 sauðkindum og þaryfir, er til fjalls skulu reknar, skal skyldur að gjöra fjallskil eptir fyrirskipun hreppsnefndar þeirrar, sem hlut á að máli, er jafna skal nákvæmlega niður fjallskilunum á alla fjáreigendur eptir sauðfjártölu og þörfum, svoað fjallskilum og fjárheimtum sje svo vel fullnægð, sem unnt er, enda segi hver fjáreigandi hreppsnefnd til fjáreignar sinnar á fjalli fyrir 15. ágúst ár hvert.

Nú reka menn einnig fje á fjall í öðrum hreppi og skulu þeir þá skyldir að gjöra fjallskil þar eptir fjármagni því, sem þar er rekið til fjalls. Enn reki þeir ekkert fje til fjalls í sínum hreppi, skulu þeir auk fjallskilanna í hinum framandi hreppi skyldir til að leggja að minnsta kosti einn manni í eina göngu til fjallskila á sínum hreppi.

#### 11. gr.

Þessi eru gangnamerki hreppa á milli. Langmerkin eru: fjallgarðurinn þar sem hann er hæstur, eins og vötnum hallar, eða þar sem hreppalönd ná saman. Þvermerkin eru: Milli Hörðudals og Skógarstrandar Gunnarsstaðaá milli fjalls og fjöru, og leita Skógstrendingar þaðan að Kárstaðahálsi. Milli Skógarstrandar og Helgafellssveitar ræður Kársstaðaháls, og leita Helgfellingar og Stykkishólmshreppsþúar þaðan að Axarhamri, Tröllahálsi og Hraunsfirði. Þaðan leita Eyrsveitingar að Búlandshöfða. Þá Neshreppingar innri að Loðnugjá í Ólafsvíkurenni og Hróa, þá Neshreppingar ytri að Skarðsvík, Brattahrauni, Kálfadölum, Miðfelli og Bárðarkistu. Þá Breiðvíkingar að Axlargangi og Fróðárheiðarvegi. Þaðan leita Stadsveitingar að Djúpagili, Urðarmúla, Baulárvalla- vatni, Vatná og Hvanngili. Þá Miklhreppingar að Skirtunni, Hafursfelli og Svínhól. Þá Eyhreppingar að Svínaskarði, Svínavatni, Arná, Oddastaðavatni og Hafursfjarðará. Þá Kolhreppingar að Geirhnúk eptir Vatnshlíðareggjum, að Klífsandi og Hítará. Þar sem fjöll eða hálsar ráða þvermerkjum, skal frá báðum hliðum gengið að vatnaskili.

#### 12. gr.

Næsta virkan dag fyrir fyrsta leitardaginn, og sömuleiðis fyrir skilarjettardaginn skal hver búandi skyldur að leita vandlega sín heimalönd, þau sem vanalega ekki eru leituð til rjettar, og skal hann í tæka tíð reka allt geldfje, sem í þeim finnst og hann ekki á sjálfur eða heimafolk hans, til rjettar eða í fjallasafn. Hins vegar er bannað að draga sundur fjallasafn annarsstaðar en í lögrjettinni. Heimalönd teljast aðeins það, sem notað er fyrir málnytupening og brúkunarhross. En víðáttumeiri lönd sjeu leituð eptir fyrirskipun hreppsnefndar.

#### 13. gr.

Þrjár skulu fjalleitir á hausti; leitardagar eru hinir sömu og venja hefir verið til í fyrstu og annari leit. Þriðja leitin skal framfara mánudaginn í

**74** 24. viku sumars í öllum hreppum sýslunnar og skilarjett haldin næsta dag.  
7. júní Leitardagar skulu tilgreindir í fjallskilaboðinu. Misheppnist þriðja leit, skal hreppsnefndin hafa vald til að fyrirskipa fjórðu leit á fjalllönd, er henni ber um að sjá. Til þeirrar leitar má hreppsnefndin gera aukaniðurjöfnun eptir ástæðum á alla hlutaðeigendur.

## 14. gr.

Leitarstjórar skulu annast um, að leitir fari vel og skipulega fram; til þess heyrir meðal annars, að leitmenn hefji leitina þá sauðljóst er orðið, og hittist úr nágrannahreppum, eða bíði hver eptir öðrum á gangnamótum, þar sem því verður við komið, enda haldi þeir leitunum samhliða hver til sinnar rjettar. Nú hittir leitarmaður vanfæra kind í leit sinni, og álitur að hann geti ekki komið henni til rjettar, án þess að vanrækja göngu sína, skal hann þá skera kindina og dysja forsvaranlega, þannig að hann geti visað til hennar, og skýrt frá marki á henni.

## 15. gr.

Leitarstjórar skulu vandlega gæta þess, að allir þeir, sem fjallskil eiga að gera, leggi svo marga fullgilda menn til, sem hreppsnefndin hefir ákveðið samkv. 10. gr. Nú vanrækir einhver að gjöra þau fjallskil, sem á hann voru lögð, og má þá hreppsnefndin eða leitarstjóri, verði því viðkomið, kaupa manni til að vinna það, sem ávantar til fjallskilanna, uppá hans kostnað eptir mati óvilhallra manna, enda gjaldi að auki sekt samkvæmt 19. gr.

## 16. gr.

Leitarstjóri skal strax hlífðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum hans, en hreppsnefndin kærir slíkt sem og sjerhverja aðra skylduvanrækt með tilliti til fjallskila fyrir sýslumanni til sektar. Sömuleiðis hefir hver einstakur maður rjett til að kæra hreppsnefndina, hafi hún beitt við hann rangindum eða íþyngt honum sjerstaklega, framyfir það sem þessi reglugjörð leyfir.

## 17. gr.

Fjallatje það, sem ofan slangrar í kvífje manna, skal, þegar þörf gerist, skilja úr, og leggja nágrannar saman til að reka það aptur til fjalls í lönd þau, er til uppreksturs eru notuð.

## 18. gr.

Auk heimalandssmalana þeirra, sem getið er í 12. gr., geta hreppsnefndir, svo opt sem þörf gerist, fyrirskipað almenna rækilega smölun á öllum heimalöndum í hreppnum, og skal þá öllu tje komið beinustu leið til átt Haga sinna. Nú kemur rekstur til búanda; skal hann þá, ef mögulegt er, láta rannsaka hann, og taka úr honum kindur þær, sem ekki eru á rjettri leið, ef nokkrar eru, og leiðbeina þeim í rjetta átt svo fljótt, sem því verður viðkomið.

## 19. gr.

Hver, sem finnur kindur á fjalllöndum þeim, sem ekki teljast með búfjárhögum, að afstöðnum öllum lögboðnum leitum, skal fá fundarlaun eptir óvilhallra manna mati; þó mega þau ekki fara fram úr  $\frac{1}{4}$  verðs þess, sem kindurnar eru metnar,

Af þeim kindum, sem finnast kunna í búfjárhögum, ber ekki að greiða **74**  
fundarlaun, en sjerstaka fyrirhöfn, svo sem að ná kindum úr klettum eða því **7. júní**  
umlíkt, ber að borga.

Hver sem verður uppvís að því að hafa fundið kindur eptir þann tíma, sem greinin mælir fyrir, á fjallöndum eða heimahögum, og ekki hirt eða komið til skila, sæti sektum.

Brot móti þessum kafla varða sektum 2—10 kr.

#### IV. kafli.

Um rjettarhöld og meðferð á úrtíningsfje.

##### 20. gr.

Þar skulu lögrjettir vera sem segir í 22. gr., og svo langt og víða tilreka, sem segir í 11. gr.

Breyta má þessu með samþykki meiri hluta hreppsþúa, hreppsnefndar, sýslunefndar og amtsráðs.

##### 21. gr.

Þrisvar skal rjettað á hausti í hverri lögskilarjett, og skulu hreppsnefndir annast um, að rjettir sjeu að öllu vel uppbyggðar, og nægir dilkar handa öllum hreppsþúum, sem sjálfir annist um dilkadyr sínar meðan á rjettarhaldinu stendur. Dilka handa utanhreppsþúum eru hreppsþúar þviáðeins skyldir að byggja á sinn kostnað, að utanhreppsþúar sýni þeim sömu skil hvað dilkum áhrærir. Rjett er að nefndin kjósi einn mann úr sínum flokki til umsjónar sem rjettarstjóra.

##### 22. gr.

a. Rjettir skulu haldnar í þeirri röð og á þeim dögum, er nú greinir:

Hraunskarðsrjett, mánudag í 21. viku sumars.

Fagurhólsrjett, þriðjudag í 21. viku sumars.

Hnausarjett og Haugabrekkurjett, miðvikudag í 21. viku sumars.

Bláfeldar-, Grundar- og Kothraunsrjett, fimmtudag í 22. viku sumars.

Brekku- og Arnarhólsrjett, föstudag í 22. viku sumars.

Miðhraunsrjett, laugardag í 22. viku sumars.

Þverárrjett, mánudag í 22. viku sumars.

Valshamars og Mýrdalsrjett, þriðjudag í 22. viku sumars.

b. Eptirleitir skulu framfara svo fljótt, sem verða má, eptir að fyrstu leitum er lokið, en þær byrja næsta virkan dag eptir fyrstu rjett, og rjettað sama dag, þar sem því verður viðkomið.

c. Skilarjettir skulu haldnar í hverjum hreppi þriðjudaginn í 24. viku sumars samkv. 13. gr. og skal til þeirra rjetta leita allar hinar sömu göngur og til fyrstu rjettar, og reka til rjettar allt það fje, sem á fjallöndum finnast, hvort sem það er heimt eða óheimt.

##### 23. gr.

Hreppstjórar skulu halda lögreglu í hverri lögskilarjett, en rjettarstjóri annast um innrekstur fjárins og sjer um, að fjed ekki troðist undir, gætir þess,

74 að fjenu sje ekki á nokkurn hátt misþyrmt, og kallar hreppstjóra til, ef svo ber við, lítur eptir að sundurdráttur fjárins fari vel og skipulega fram. Markglöggir menn skoði í dilka áðuren út er hleypt, og gæti þess, að fje fari ekki saman úr dilkunum. Skal því enginn hleypa út fyren rjettarstjóri leyfir, sem ekki sje fyren búid er að kanna úrtíning, og skal þá aðalreglan, að utan-hreppsmenn hleypi fyrst út og svo þeir, sem lengst eru að.

24. gr.

Ómerkinga skal draga alla í sjerstakan dilk, sem til þess er gerður í hverri rjett, og skal þangað færa allar ær, sem von getur verið á að ættu þá. Skal rjettarstjóri jafnan vera viðstaddur, og engum heimilt vera að taka ómerkinga, sem eign sína, nema með samþykki hans og meirihluta hreppsnefndar; alla ómerkinga, sem enginn finnst eigandi að, að afloknu rjettarhaldi, skal selja þá þegar, og andvirði þeirra renna í sveitarsjóð. Um ómerkinga, sem finnast eptir rjettir, fer sem um annað óskilafje, ef enginn getur helgað sjer og rennur andvirði þeirra einnig í sveitarsjóð.

25. gr.

Mýjetninga skal selja í hverri lögskilarjett, þó þvíadeins að enginn geti helgað sjer þá, og að eyrun sjeu svo skemmd, að ekkert mark verði gert úr; skal rjettarstjóri kalla til hreppstjóra og markaglögga menn, bæði innan hrepps og utan hrepps, og sjeu þeir allir samdóma um markleysi þessara kinda. Annars fer um þá sem annað óskilafje; sama er um þá mýjetninga, sem finnast eptir rjettir og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð.

26. gr.

Öllum úrtíningi úr fyrstu og annari rjett skal sleppt milli rjetta í land rjettarbónda eða annars, sem hentugra þykir, en fje það, sem ekki dregst upp, eða hirt er í skilarjett, skal þá þegar afhenda hreppstjóra, og skal hann þá kveðja til með sjer tvo markaglögga og gætna menn; skulu þeir allir skoða kindurnar, bæði eyrnamörk og hornamörk og segja til marka; skal þá hreppstjóri nákvæmlega skrifa upp og lesa mörkin í heyranda hljóði; það sem þá verður óútgengið, skal þegar selt við opinbert uppboð, án útlausnarfrests. Allir þessir þrir menn bera ábyrgð á, að mörkunum sje rjett lýst.

27. gr.

Rjettartoll skal greiða úr hreppssjóði búanda þeim, á hvers landi rjettin stendur, sem sje 5—10 kr. eptir samkomulagi við hreppsnefndina, eða mati óvilhallra manna.

28. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi eptir afstaðnar skilarjettir, og þekkja menn eigendur að þeim; skulu þær þá á kostnað eiganda geymdar í vörzlum hreppstjóra, sem annast um, að eigendum verði tafarlaust gert aðvart um þetta, sjeu þeir í nálægum hreppum. Hafi eigendur ekki leitt sig að kindum þessum fyrir Marteinsmessu, skal hlutadeigandi hreppstjóri selja þær við opinbert uppboð, sem áður sje auglýst í hreppnum með nægum fyrirvara. Kindur þær, sem koma fyrir eptir skilarjett, og ekki þekkjust eigendur að, skal fara með á sama hátt. Geymslukostnaður sje 4 aurar um sólarhringinn.

## 29. gr.

Lýsing á óskilafje því, sem við opinbert uppboð er selt, skal sendast sýslumanni fyrir miðjan desbr., er auglýsi hana í blaði, sem út kemur í Reykjavík og vanalega hefir auglýsingar meðferðis, ekki síðar en í febrúar næsta ár; skal þá hver sá, sem getur helgað sjer eitthvað af hinu selda fje, hafa rjett til að fá andvirði þess, vitji hann þess innan næstu Mikaelmessu, þó að frá-dregnum öllum lögmætum og sanngjörnum kostnaði, sem fyrir því var hafður.

## 30. gr.

Enginn má sleppa hrossum eða nautum ómörkuðum á fjöll; skyldur skal hver sá, sem á hross eða naut, er á fjall er sleppt eða rekið, að lýsa marki sínu á þeim fyrir hlutadeigandi hreppsnefnd, og láta prenta það við fyrsta tæki-færi í markaskrá sýslunnar.

## 31. gr.

Alstaðar í sýslunni, þar sem stóðhross ganga að sumrinu, skal þeim smalað og rjettað í skilarjett. Þau hross, sem þá ekki þekkjast eigendur að og enginn þá hirðir, skulu tekin til geymslu á kostnað eiganda, og auglýst sem annað óskilafje. Þó skulu þau ekki seld fyrir 30. nóvember það ár. Geymslu-kostnaður fari ekki fram úr 10 aurum um sólarhringinn. Hver sá sem stóð-hross á, eða tekur til hirðingar í land sitt, skal skyldur að hirða þau svo, að þau gangi ekki í annara manna löndum; hirði hann þau ekki, eptir að honum hefir verið gert aðvart um þau, borgi hann fyrir þau hagatoll eptir óvilhallra manna mati.

## V. kafli.

## Um grenjaleitir og eyðing refa.

## 32. gr.

Sjerhver hreppsnefnd skal árlega annast um grenjaleitir og eyðingu refa í hreppi sínum — þar með talin fjalllönd —, skal hún í tæka tíð ráða einn eða tvo áreiðanlega skotmenn til grenjavinnslu í landareign hreppsins á tíma-bilinu frá 14. maí til 14. júlí, og má enginn skotmaður innanhrepps skorast undan því verki, án gildra orsaka.

Borgun til skotmanns skal vera: hvort heldur hann er í grenjaleit eða liggur á greni, 3 kr. um sólarhringinn í kaup og fæðispeninga. Þó má hrepps-nefnd eptir atvikum ráða skotmann uppá hærra eða lægra kaup með samráði sveitarmanna; hálfur sólarhringur telst sem heill, en styttri tíma er sleppt. Þess-utan fær hann í aukapóknun fyrir fyrra dýrið 4 kr. og fyrir síðara dýrið 8 kr. og sömu borgun fyrir ef fleiri dýr fullorðin vinnast á sama greni, og 50 aura fyrir hvern yrðling, sem hann nær; sömu póknun fær vökumaður eða hver ann-ar fyrir að ná yrðlingi. Skal sýna oddvita skott dýranna því til sönnunar, og skottin síðan eyðilögð.

## 33. gr.

Hver búandi í hreppi hverjum skal skyldur að leita árlega, þrisvar á



**74** vori hverju, grenja í landi ábylisjarðar sinnar, sje það ekki viðáttumeira en 7. júní svo, að hann noti það fyrir sinn eiginn fjenað; hreppsnefndin skal rækilega brýna þessa skyldu fyrir mönnum, og gæta þess að henni sje hlýtt. Hún annast einnig um grenjaleitir á fjallöndum og eyðijarða, sem ekki eru notuð fyrir búfjenað; fyrir þær leitir má greiða sanngjarna þóknun úr sveitarsjóði.

34. gr.

Þegar gren finnst, skal bóndi sá, í hvers landi grenið er fundið, tafarlaust vitja skotmanns, ef hann er ekki með í leitinni, — sem helzt ætti að vera —; til að fá hann á grenið; hann skal og leggja til vökumann, og ber honum fyrir það í kaup og fæðispeninga 3 kr. um sólarhringinn; hálfur sólarhringur telst sem heill. Finnist gren og skotmaður er ekki með í leitinni, skal varast að hafa þar nokkra viðdvöl, og forðast allan umgang í nánd við grenið, en skyldur er skotmaður að koma svo fljótt sem verða má, og yfirgefa ekki grenið, fyr en búíð er að reyna til þrautar að vinna dýrin, eða þau unnin, og telst full tilraun ekki gjörð á skemmri tíma enn 3 sólarhringum.

35. gr.

Ef grenjavinnsla mistekst af einhverjum orsökum, skal skotmaður sjá um, að rækilega sje eitrad með stryknin í aðgengilegu og ginnandi æti, er hann sje ætíð útbúinn með, ef á þarf að halda.

36. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um hver í sínum hreppi, að eitrad sje fyrir refi á hverjum vetri þar sem haganlegast þykir, á hentugum tíma, og sje henni (eitruninni) lokið fyrir lok 15. febrúarmánaðar. Aðalreglan við eitrun sje sú að afsláttarhross eða rjúpur sje til þess brúkað, og sjeu þá 100 rjúpur sem 1 hrossskrokkur; nefndin skal sjá um að nægilegt hræ sje til eitrunar, og eitur eptir þörfum. Eitrad sje með stryknin, og sje það framkvæmt af manni, sem til þess er kjörinn af hreppsnefndinni og til þess eiðsvarinn. Eitrunarmaður geri búanda aðvart um, hvar hann leggur niður eitur í landareign hans.

Brot móti þessari grein varðar sektum.

37. gr.

Hver sem vinnur refi öðruvísi en á greni eða með eitrun á tímabilinu frá 1. apríl til 1. desbr., skal fá 2 kr. í þóknun fyrir hvert dýr, hvort sem það er ungt eða gamalt, af sveitarsjóði þess hrepps, sem þau eru unnin í, þó því aðeins að þau hafi verið sýnd hreppsnefndinni eða tveim skilríkum mönnum svo fljótt sem verða má eptir unninguna og skal þá ónýta þau, nema í þeim virðist nokkurt verð; þá skulu þau afhent oddvita, sem geymir þau þar til þau eru lögð í kaupstað; nýtur þá veiðimaður andvirðisins.

38. gr.

Ollum skal bannað að ala upp yrðlinga, nema skotmanni aðeins til 14. júlí. Sannist það að nokkur annar ali upp yrðlinga, skal hann sæta sektum; sannist enn fremur, að nokkur sleppi yrðling, skal þyngja sektina.

39. gr.

Hver sem gerir kröfu til borgunar fyrir eitthvað, sem lýtur að eyðingu refa á grenjum eða með eitrun, skal senda oddvita þess hrepps, sem í hlut á;

greinilegan reikning fyrir septembermánaðarlok ár hvert. Reikningnum skal fylgja skýrsla um verk það eða tillag, sem borgunar er krafizt fyrir, reikninginn leggur oddviti þvínæst fram fyrir alla hreppsnefndina til yfirskoðunar og úrskurðar; samþykki hún reikninginn óbreyttan, fá hlutadeigendur upphæðina borgaða, annaðhvort þá þegar af sveitarsjóði eða við niðurjöfnun hreppsgjalda það haust. Refaveiðakostnaðarreikninga þá, sem ekki eru komnir til oddvita fyrir hinn tiltekna dag, þurfa hreppsnefndir ekki að taka til greina, nema sjer-staklega á standi.

Brot móti þessum kafla varðar sektum, 2—50 kr.

Allar sektir fyrir brot á reglugjörð þessari renna í viðkomandi sveitar-sjóð.

40. gr.

Mál útaf brotum gegn reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

41. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um geldfjárrekstur á fjallönd, sauðfjármörk, fjallskil, rjett-arhöld og eyðingu refa m. fl. frá 3. júlí 1895.

Amtsráð Vesturamtsins, Reykjavík 7. júní 1904.

*J. Havsteen.*

## Fjallskilareglugjörð

fyrir Dalasýslu.

75

7. júní

Amtsráðið í Vesturamtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum, 22. marz 1890 er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

### FJALLSKILAREGLUGJÖRÐ

fyrir Dalasýslu, sem er samin af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. september 1904.

I. kaffi.

Um eyðing refa.

1. gr.

Fyrir hvert gren, sem finnst og yrðingar eru í, er skotmaður kemur að, skal greiða 4 kr. í fundarlaun, og hæfilega þóknun fyrir að tilkynna hreppsnefndinni eða ráðnum skotmanni, að grenið sje fundið.

Heimilt er hreppsnefnd, er henni þykir ástæða til, að ráða menn til